

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnir nr. 60/1999.

1. gr.

Við 1. fl. vörugjaldskrár í 1. gr. 12. gr. bætist eftirfarandi vara: þörungamjöl.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 með síðari breytingum staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 20. desember 1999.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

17. desember 1999

Nr. 887

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Höfðahrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Höfðahrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Höfðahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem hún hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.